



Samningur um sameiginleg lið

þegar tvö eða fleiri félög gera með sér samning um rekstur sameiginlegs keppnisliðs eins og heimilt er samkvæmt reglugerð KKÍ um sameiginleg lið, þurfa viðkomandi félög að gera með sér samning um samstarfið og senda til KKÍ áður en frestur til skráningar í viðkomandi flokk/deild rennur út.

Samningurinn þarf að innihalda a.m.k. neðangreind efnisatriði:

- 1) Nöfn félaga sem í hlut eiga.
- 2) Í hvaða aldursflokkum / mótum samstarfið nær til.
- 3) Heiti keppnisliðsins.
- 4) Tímabil samningsins.
- 5) Hvernig fjárhagslegri ábyrgð er skipt [þátttökugjöld, dómara gjöld og önnur gjöld sem til geta fallið].
- 6) Hvernig umsjón samstarfsins er háttað og hver fer með umsjónina.
- 7) Tengiliður við KKÍ vegna liðsins.
- 8) Staða við slit á samstarfinu, þ.e. hver heldur stöðu í deild / riðli.
- 9) Útlit búninga.
- 10) Heimavöllur.
- 11) Annað sem vert er að taka fram.
- 12) Undirskriftir frá forráðamönnum viðkomandi félaga.

Athugið að samninginn skal fylla út í tölvu, aðeins undirskriftir formanna/forsvarsmanna skal rita á samninginn. Ekki er hægt að fylla eyðublaðið út í vafra, hlaða þarf skjalinu niður og opna í tölvunni.

Úr reglugerð KKÍ um sameiginleg lið:

1. grein

Tveimur eða fleiri félögum er heimilt að senda sameiginlegt lið til keppni í Íslandsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í Íslandsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi í sama aldursflokki.

2. grein

Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulag og senda umsókn til mótanefndar KKÍ áður en skráningarfrestur í viðkomandi flokk rennur út. Til þess að sameiginlega liðið geti öðlast keppnisrétt á komandi keppnistímabili þarf mótanefnd KKÍ að samþykkja hana. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.

3. grein

Ákveði félög að senda sameiginlegt lið til þátttöku í Íslandsmótum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.

4. grein

Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þátttöku í Íslandsmótum viðkomandi aldursflokks skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hætt þátttöku. Félög, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hættir keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lægsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokki. Félögin geta þó sótt um til mótanefndar KKÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.

5. grein

Sameiginlega liðið er ekki nýtt félag heldur samkomulag viðkomandi félagsliða um nýtt keppnislið í fyrirfram ákveðnum aldursflokkum. Leikmennirnir eru skráðir í sín félög og geta keppt í öðrum aldursflokkum síns félags.



Sameiginlegt lið – samningur

Körfuknattleiksdeild Domino's, kt. 123456-7890 og Körfuknattleiksfélag Stuðbolta, kt. 987654-3210 gera með sér samning um rekstur sameiginlegs keppnisliðs í Íslandsmót og bikarkeppni 9. flokks stúlkna.

Nafn sameiginlegs liðs

Gleðibankinn

Tímabil samkomulags

1.8.2020-31.5.2020

EDA

Keppnistímabilið 2020-2021

Fjárhagsleg skipting

Fjárhagsleg ábyrgð skiptist jafnt á milli félaganna sem standa að þessum samningi.

EDA

Rekstur og fjárhagsleg ábyrgð er í höndum körfuknattleiksdeildar Domino's.

Ábyrgðarmenn liðs, umsjón liðs og tengiliður við KKÍ

Framkvæmd og umsjón með liðinu er í höndum körfuknattleiksfélags Stuðbolta. Ábyrgðarmenn liðsins fyrir hönd samningsaðila eru, Jón Jónsson s: 1234-567 jon@jon.jon og Guðrún Guðrúnardóttir s: 2345-678 gudrun@gudrun.gudrun.

Staða við slit samstarfs

Við lok samnings heldur körfuknattleiksdeild Domino's sæti sameiginlega liðsins.

Heimavöllur

Domino's höllin.

Búningur liðs

Leikið verður í búningum Stuðbolta, hvítur bolur og hvítar stuttbuxur á heimavelli og blár bolur og bláar stuttbuxur á útivelli.

Annað sem taka þarf fram

Dagsetning: 15.5.2020

Formaður/forsvarsmáður
Körfuknattleiksdeildar Domino's
Sigurður Sigurðsson

Formaður/forsvarsmáður
Körfuknattleiksfélags Stuðbolta
Anna Ónnudóttir



Sameiginlegt lið – samningur

Eftirfarandi félag (nafn hvers félags og kennitala) gera með sér samning um rekstur sameiginlegs keppnisliðs í Íslandsmóti og bikarkeppni eftirfarandi flokks

Nafn sameiginlegs liðs, keppnisflokkur og kyn

Tímabil samkomulags

Fjárhagsleg skipting

Ábyrgðarmenn liðs, umsjón liðs og tengiliður við KKÍ

Staða við slit samstarfs

Heimavöllur

Búningur liðs

Annað sem taka þarf fram

Dagsetning:

Formaður/forsvarismaður

Formaður/forsvarismaður